

Alþingi  
Erindi nr. P 135/497  
komudagur 28. 11. 2007



LANDBÚNAÐAR-  
STOFNUN

Agricultural Authority of Iceland

Austurvegur 64 800 Selfoss

Sími: 530 4800 - Fax: 530 4801

lbs@lbs.is www.lbs.is

Nefndarsvið Alþingis  
Einar Farestveit  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Selfoss, 28. nóvember 2007  
Tilvísun: Lbs07110042/20.3

**Efni: Umsögn dýralæknis svínasjúkdóma um frumvarp til laga um innflutning dýra, 204. mál, ákvörðunarvald til yfirdýralæknis.**

Umsögn þessi tekur eingöngu til þeirra atriða er lúta að breytingum vegna innflutnings svína og erfðaefnis þeirra.

Þær breytingar sem gerðar eru tillögur að eru annars vegar í þeim tilgangi að skýra þær reglur sem gilda um innflutning á svínum og erfðaefnis þeirra og hins vegar að lagfæra skilgreiningu á einangrunarstöð sem láðist að gera við síðustu lagabreytingu (nr. 153/2002).

Verði þessar breytingar að lögum leikur væntanlega enginn vafi á því hvernig staðið skuli að innflutningi svína og erfðaefnis þeirra. Skýrt er þá að flytja má inn svín (dýr) inn á einangrunarstöð og eftir ákveðinn einangrunartíma flytja sömu dýr úr stöðinni inn á svínabú landsins m.a. þegar tryggt þykir að þau séu ekki haldin neinum smitsjúkdómi að mati yfirdýralæknis. Innflutt erfðaefni (svo sem sæði, egg eða fósturvísu) má hins vegar ekki flytja út af einangrunarstöð en dýr vaxin af sama erfðaefni má flytja út af einangrunarstöð að uppfylltum skilyrðum.

Breytingarnar eru ágætar í ljósi þess tilgangs sem þær eiga að þjóna. Tekið er fram að í þessari umsögn er ekki lagt faglegt mat á þá aðferðarfræði sem fram kemur og fylgja skal samkvæmt lögunum, við innflutning svína og erfðaefnis þeirra.

F.h. Landbúnaðarstofnunar,

Konráð Konráðsson  
dýralæknir svínasjúkdóma